

Vörur unnar úr eðalmálum





Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) fer með markaðseftirlit með vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í samræmi við ákvæði laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995, vörur unnar úr eðalmálmum nr. 77/2002 og reglugerð um vörur unnar úr eðalmálmum nr. 938/2002.

Hvað eru vörur úr eðalmálum?

Hugtakið vörur unnar úr eðalmálum vísar til vara sem eru framleiddar að hluta eða að öllu leyti úr góðmálmi eða málmblöndu. Á Íslandi eru vörur sem unnar eru gulli, silfri, platínium og palladíum eðalmálmur, eins og til dæmis skartgripir og silfurbúnaður. Lögin um vörur unnar úr eðalmálum voru sett til að vernda neytendur með því að tryggja að sú vara sem þeim er boðin sé í samræmi við lýsingu seljenda. Um leið tryggja lögin sanngjarna samkeppni á milli innflytjanda og framleiðanda. Lögunum er einnig ætlað að tryggja að vörur sem unnar eru úr eðalmálum á Íslandi megi selja erlendis. Það er krafa í mörgum nágrannalöndum okkar að vörur unnar úr eðalmálum séu merktar samkvæmt opinberum reglum.

Kröfur til vöru sem á að selja hérlendis

Það má einungis selja eða afhenda vörur úr eðalmálum sem uppfylla kröfurnar í lögum nr. 77/2002 og reglugerð nr. 938/2002. Kröfurnar ná bæði yfir vöru sem framleidd er á Íslandi og innflutta vöru. Eðalmálmur eru blandaðir öðrum málum til að þess að ná t.d. æskilegum lit, til að eiga auðveldara með að vinna með efnið eða til að lækka efniskostnað. Til að hægt sé að markaðssetja vöruna sem vöru unna úr eðalmálum þá verður varan að innihalda að lágmarki eftirtalda eiginleika:

- Vara úr gulli skal innihalda 375 þúsundhluta eða meira af hreinu gulli.
- Vara úr silfri skal innihalda 800 þúsundhluta eða meira af hreinu silfri.
- Vara úr platínu skal innihalda 850 þúsundhluta eða meira af hreinni platínu.
- Vara úr palladíum skal innihalda 500 þúsundhluta eða meiri af hreinu palladíum.



Sem dæmi inniheldur vara úr gulli sem merkt er „375“ 37,5 % hreint gull miðað við þunga málmblöndunnar. Vöru sem er með lægra hlutfallslegt magn eðalmálma en sem ofan greinir má ekki markaðssetja sem vöru unna úr eðalmálmi og þar af leiðandi ekki bera nafnastimpil né hreinleikastimpil.

Vörur sem eru gerðar úr öðrum málum eins og látúni og kopar og síðan húðaðar með eðalmáli t.d. gullhúðuð hálsmen og armbönd eru ekki taldar vera úr eðalmáli.

Íblöndunarefni

Vörur unnar úr eðalmálum mega ekki innihalda hættuleg efni. Það er mikilvægt að kynna sér upplýsingar um hvaða efni sé bönnuð eða efni eru leyfileg að ákveðnu marki. Það getur líka skipt máli hvort að til dæmis varan snerti húð eins og eyrnalokkar eða ermahnappar.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmt efnalaga nr. 61/2013 og REACH reglugerðarinnar sem vörur unnar úr eðalmálum þurfa að uppfylla.

Skyldumerkingar vöru úr eðalmáli

Vörur úr eðalmálum sem ætlaðar eru til sölu á Íslandi eiga að bera hreinleika- og nafnastimpla. Framleiðandi vöru sem unnin er úr eðalmálum ber ábyrgð á að varan sé stimpluð í samræmi við kröfur þessar. Ef um innflutta vöru er að ræða hvílir ábyrgðin á innflytjanda hennar.

Nafnastimpill auðkennir framleiðanda, seljanda eða innflytjanda vöru þannig að hægt sé að rekja uppruna hennar. Nafnastimpill er gerður úr einum eða fleiri bókstöfum og skulu þeir mynda nafn réttthafa nafnastimpils, firmaheiti eða styttingu / skammstöfun þess. Einnig má nota tákn sem viðurkennd hafa verið af Hugverkastofu.

Hreinleikastimpill er þriggja tölustafa stimpill sem sýnir hversu mikið magn af hreinu gulli, silfri, platínu eða palladíum er í viðkomandi vöru. Hreinleikastimplar skulu vera skýrir og læsilegir og hafa eftirfarandi gildi:

Eðalmálmur	Staðlaður hreinleiki
Gull	375, 585, 750, 916.
Silfur	800, 830, 925 eða 800S, 830S, 925S.
Platína	850, 900, 950 eða 850Pt, 900Pt, 950Pt.
Palladium	500, 950 eða 500Pd, 950Pd





Vörur sem undanþegnar eru merkingum

- Vörur sem eingöngu eru sýnishorn eða eingöngu eru ætlaðar til notkunar á vörusýningu.
- Vörur úr gulli, platínu eða palladíum sem vege minna en 1 gramm.
- Vörur úr silfri sem vege minna en 3 grömm eða vörur sem eru svo smáar að ekki er mögulegt að stimpla þær.
- Vörur sem nota á til tannlækninga eða í öðru lækningaskyni.
- Hljóðfæri.
- Mynt sem er í fullu gildi.
- Vörur sem óumdeilanlega geta talist fornmunir.
- Úr og pennar.

Ef ekki er unnt að stimpla vöru án þess að skaða hana má staðfesta hreinleika hennar með vottorði sem HMS eða aðili á hennar vegum gefur út.

Vörur sem unnar eru úr fleiri en einum eðalmálmi

Ef vara er unnin úr fleiri en einum eðalmálmi og skilin á milli málmanna eru óljós þá á að merkja vöruna með þeim málmi sem er óæðstur. Miðað er við viðeftirfarandi flokkun:

- Platína telst æðri en gull.
- Gull telst æðra en palladíum.
- Palladíum telst æðra en silfur.





Framleiðsla, innflutningur og sala vöru

Aðilar sem framleiða eða selja vörur úr eðalmálmum sem á að merkja með stimplum eiga að sækja um viðurkenningu og skráningu á nafnastimpli til HMS á sérstöku eyðublaði sem er á www.hms.is

Nýr nafnastimpill þarf að uppfylla kröfur um merkingar og má ekki líkjast svo öðrum nafnastimplum að það geti valdið ruglingi að mati HMS.

Rétthafi nafnastimpils skal tilkynna HMS skriflega um breytingar sem kunna að verða á starfsemi hans t.d. ef hann breytir um nafn á fyrirtæki sínu eða ef hann flytur starfsemi sína eða hættir henni.

Á heimasíðu HMS er að finna lista yfir alla skráða og viðkennda nafnastimpla.

Erlendir stimplar

Hreinleikastimplar, nafnastimplar og opinberir eftirlitsstimplar sem notaðir eru í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum stimplum, ef eftirlitið þar er sambærilegt eftirliti hér á landi.

Hreinleikastimplar á vörum frá ríkjum innan EES eru jafngildir innlendum stimplum, þó svo þeir séu ekki í samræmi við íslensk lög, svo framarlega sem þeir veita kaupendum

sömu upplýsingar og íslensku hreinleikastimplarnir. Hann má aldrei vera minni en leyfilegt lágmark hreinleika á Íslandi. Sem dæmi eru um 18 mismunandi hreinleikastimplar leyfðir fyrir gull innan ESS og fyrir silfur eru um 15 mismunandi tegundir af hreinleikastimplum.

Þegar um nafnastimpla er að ræða þarf að vera hægt að rekja hver framleiðandi vörunnar er og hann þarf að geta sýnt fram á rétt sinn til að nota stimpilinn.

Vörur sem fluttar eru inn frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins eiga að bera íslenska stimpla.

Eftirlit og gjaldtaka

HMS annast framkvæmd eftirlits með vörum unnum úr eðalmálmum.

Eftirlit stofnunarinnar felst m.a. í:

- Viðurkenningu og skráningu nafnastimpla.
- Að viðhalda og birta skrá yfir alla samþykktu nafnastimpla.
- Markaðseftirliti með vörum unnum úr eðalmálmum.
- Upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

Fyrir viðurkenningu og skráningu á nafnastimpli þurfa umsækjendur að greiða HMS 10.000 kr.

Einstaklingar eða lögaðilar sem flytja inn, framleiða og/eða selja vörur unnar úr eðalmálmum eiga að greiða árlega HMS 12.000 kr. vegna eftirlits stofnunarinnar. Ef sami einstaklingur eða lögaðili hefur fleiri en eina starfsstöð skal hann greiða gjald vegna hversrar starfsstöðvar. Gjaldið á að greiða í febrúar ár hvert fyrir almanaksárið sem var að líða.

Vogir til að vigta eðalmálma

Vogir sem notaðar eru við kaup og sölu á eðalmálmum miðað við þyngd eiga að vera CE merktar og eru löggildingaskyldar. Þær á síðan að endurlöggilda á tveggja ára fresti. Með því er verið að tryggja að vogirnar vigti rétt og bæði kaupendur og seljendur geti treyst því að varan sé vigtuð og verðlögð rétt. Áreiðanleiki vigtunar og rétt meðhöndlun voganna tryggja sanngjörn viðskipti.

Frekari upplýsingar má fá hjá:

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Borgartúni 21, 105 Reykjavík og á vefsíðu www.voruoryggi.is.

Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun

hms.is
440 6400

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Ártorgi 1
550 Sauðaárkróki

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

HMS

